



# SNARRÓTIN

**SAMTÖK UM SKAÐAMINNUN & MANNRÉTTINDI**

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík: 26.11.2019

## Umsögn um þingsályktunartillögu um CBD í almennri sölu Þingskjal 321 — 285. mál á 150. löggjafarþingi 2019–2020

Kannabisplantan hefur fylgt mannum í þúsundir ára og verið notuð í lækningaskyni við ýmsum kvillum. Fyrstu minjar um notkun plöntunnar í Evrópu hafa fundist í norskum kumlum frá járnöld. Við bannstefnu Bandaríkjastjórnar, sem breyddist út um heiminn, dró úr notkun plöntunnar sem lækningajurt þrátt fyrir að notkun hennar sem vímugjafa hafi farið vaxandi.

Kannabisplantan inniheldur bæði Delta-9-tetrahydrocannabinol (THC) sem er vímugefandi efni og Cannabidiol (CBD) sem veldur ekki vímu. CBD hefur töluvert verið rannsakað og benda rannsóknir til þess að það sé hægt að nýta það á fjölbreyttan hátt til lækninga.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) setti saman nefnd sérfræðinga sem fóru yfir gagnsemi CBD í lækningaskyni. Skýrslan er sérlega vel unnin og málefnið nálgast frá öllum endum. Farið er yfir efnafræði, lyfjafræði, eiturefnafræði, neikvæðar aukaverkanir, líkur á ávanabindingu og líkur á misnotkun ásamt því að fara yfir notkun efnisins í lækningaskyni, bæði sögu þess og faraldsfræði. Fleiri viðfangsefni eru tekin fyrir í skýrslunni, svo sem ólöglega framleiðsla, bann á alþjóðavettvangi og áhrif þess og löggjöf víðsvegar um heiminn.

Niðurstaða skýrslunnar var sú að CBD hefði engin vímuáhrif og hefði enga þá eiginleika sem gæfu til kynna möguleika á ávanabindingu eða misnotkun. Ennfremur var niðurstaðan sú að CBD hefði sannað sig sem árangursríkt lyf gegn flogaveiki og að rannsóknir bentu til þess að CBD væri gagnlegt lyf við margs konar heilsufarskvillum. Þar kemur ennfremur fram að CBD hefur almennt ekki neikvæðar aukaverkanir og að efnið sé talið öruggt manneskjum. Að lokum er tekið fram að engin gögn liggja fyrir um misnotkun efnisins né lýðheilsufræðileg vandamál af völdum þess.<sup>2</sup>

Í nóvember árið 2018 samþykkti breska þingið að sérfræðilæknar mættu ávísa kannabis í lækningaskyni<sup>3</sup> eftir að breska Landlæknisembættið birti skýrslu um gagnsemi kannabiss í lækningaskyni. Niðurstaða embættisins var að mæla með því að kannabis yrði fært úr flokki I yfir í flokk II, þar sem skýr gögn lægju fyrir um gagnsemi plöntunnar til lækninga.<sup>4,5</sup>

National Institute of Clinical Excellence (NICE), sem er sú stofnun sem íslenska Landlæknisembætti miðar sínar klínísku leiðbeiningar við, hefur nú þegar mælt með notkun efnisins við ógleði og uppköstum, langvinnnum verkjum, óviðráðanlegum hreyfingum (spasticity) og flogaveiki.<sup>7</sup>

Lög Evrópusambandsins eru á þá leið að kannabis afurðir séu leyfilegar fari magn THC ekki yfir 0,2% og ef horft er á önnur lönd má sjá að mörg þeirra hafa leyft CBD, annað hvort til


fullnustu eða í lækningaskyni. Þar á meðal eru mörg lönd sem við viljum bera okkur saman við, svo sem Noregur, Þýskaland, Danmörk og Finnland (sjá mynd 1).<sup>6</sup>



Mynd 1. Lögleiðing CBD víðsvegar um heiminn

Það sem liggur til grundvallar lagasetningu ætti að vera hvort þjóðinni gagnist efnið, ásamt því að skoða hver væntanlegur skaði af efninu yrði. Niðurstöður þeirra stofnanna og landa sem við berum okkur saman við eru skýrar og því fagnar Snarrótin frumvarpinu og vonar að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Snarrótarinnar - samtaka um skaðaminnkun og mannréttindi

  
Lilja S. Þorsteinsdóttir, sálfræðingur og formaður  
Halldór Auðar Svansson, varaformaður  
Gígja Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur  
Sigrún Jóhannsdóttir, héraðsdómslögmaður

## Heimildir

1. <https://www.ancient-origins.net/history/norwegian-vikings-cultivated-cannabis-009347>
2. <https://www.who.int/medicines/access/controlled-substances/CannabidiolCriticalReview.pdf>
3. <https://www.legislation.gov.uk/ukpga/1971/38/contents>
4. <https://www.england.nhs.uk/wp-content/uploads/2018/10/letter-guidance-on-cannabis-based-products-for-medicinal-use..pdf>
5. <https://www.gov.uk/government/news/medicinal-cannabis-review-part-2-commissioned>
6. <https://www.gov.uk/government/publications/cannabis-scheduling-review-part-1>
7. <https://www.nice.org.uk/guidance/ng144>
8. <https://hempika.com/is-cbd-oil-legal-in-my-country/>